

Fundargerð

Föstudaginn 31. ágúst kl. 08:30 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um atvinnu og menningarmál A-Hún. Fundarstaður bæjarskrifstofa Blönduósbæjar. Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Valgarður Hilmarsson, og Valdimar O. Hermannsson. Valdimar ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Kosningar: (frestað frá síðasta fundi, lið 5)

- 3 aðalmenn og 3 varamenn í stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins.
- 1 aðal- og 1 varamaður í stjórn Byggðasafnsins á Reykjum.
- 1 aðal- og 1 varamaður í Heilbrigðisnefnd í Norðurl., vestra.

2. Önnur mál:

Afgreiðslur:

1. **A.** Í stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins voru skipaðir eftirtaldir aðilar:

Aðalmenn:

Anna Margrét Sigurðardóttir, f.h. Blönduósbær
Berglind Hlín Baldursdóttir, f.h. Húnavatnshreppur
Petrína Laufey Jakobsdóttir, f.h. Skagaströnd

Varamenn:

Bjarney Jónsdóttir, f.h. Skagabyggð
Linda Björk Ævarsdóttir, f.h. Skagabyggð
Guðmundur Haukur Jakobsson, f.h. Blönduósbær

- B.** Í stjórn Byggðasafnsins á Reykjum, voru skipaðir eftirtaldir aðilar:

Aðalmaður: Þorleifur Ingvarsson, f.h. Húnavatnshreppur

Varamaður: Guðmundur Haukur Jakobsson, f.h. Blönduósbær

- C.** Í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra, voru skipaðir eftirtaldir:

Aðalmaður: Lee Ann Maginnis, f.h. Blönduósbær

Varamaður: Róbert Kristjánsson, f.h. Skagaströnd

2. Önnur mál:

- Rætt var um stöðu framkvæmda, frá síðasta fundi, er varðar Héraðsskjalasafn og Kvennaskólann, og fór Valgarð yfir stöðuna.

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

- Rætt um mögulega sameiningu Kjarnafæðis og Norðlenska, og hvaða ógnanir og tækifæri gætu legið í því fyrir SAH afurðir ehf.
- Farið var yfir stöðu framkvæmda við Gagnaver og framgang mála.
- VOH upplýsti um hugmyndir og vinnu við uppfærslu- og endurskoðun á skipulagsskrám, Þekkingar- og Textílsseturs, og að það yrði unnið áfram á næstu vikum og mánuðum. *Málið yrði nánar kynnt, og yrði til frekari umfjöllunar á næsta fundi BS.*
- Umræður urðu um þörf á samræmdum aðgerðum sveitarfélaga á svæðinu, um uppbyggingu ferðamannastaða og mögulegra „segla“. *Málið verður rætt áfram á næstu fundum.*

Ragnhildur Haraldsdóttir, þurfti að yfirgefa fundinn kl 09:15 -

Fleira ekki fyrir tekið
Fundu slitið kl. 09:30
